

250. fundur - 10. júní 2006
Fundurinn hófst kl. 20.00. Mættir:

Gústaf Jökull Ólafsson oddviti
Bjarki Stefán Jónsson
Guðmundur Ólafsson
Rebekka Eiríksdóttir
Þórður Jónsson

Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna og las upp boðaða dagskrá. Sveitarstjóri óskaði eftir að leggja fram þrjú mál undir liðnum “önnur mál.” Samþykkt. Oddviti óskaði eftir að kynna tvö mál í lok fundar og yrði þá fundi lokað. Samþykkt. Var nú gengið til dagskrár.

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 249. fundar hreppsnefndar. Engar athugasemdir.
- 2) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 19. maí 2006.
 - a) Endurgerð Bogabúðar í Flatey. Lagt fram erindi frá Bryndísi Þórðardóttur dags. 7. júní varðandi þetta mál. Vísað til byggingarnefndar. Þessi liður samþykktur að öðru leyti.
 - b) Samþykktur.
 - c) Samþykktur.
 - d) Samþykktur.
 - e) Samþykktur
 - f) Samþykktur. Hreppsnefnd ítrekar að gefnu tilefni að framkvæmdir mega ekki hefjast fyrr en fullnægjandi gögn liggja fyrir.
- 3) Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 26. maí 2006. Fundargerð samþykkt. Fundi lokað á meðan fundargerðin var afgreidd.

Mál til afgreiðslu

- 1) Beiðni um styrk vegna siglinga út í Flatey og Skáleyjar, erindi frá Stakkgarði ehf. Vísað til næstu hreppsnefndar.
- 2) Unglingalandsmót UMFÍ 2008, erindi frá Guðrúnu Guðmundsdóttur. Vísað til næstu hreppsnefndar.
- 3) Hótel Bjarkalundur, óskað umsagnar hreppsnefndar skv. lögum um veitinga- og gististaði varðandi starfrækslu hotels. Erindi frá sýslumanninum á Patreksfirði. Hreppsnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
- 4) Ársreikningur Reykhólahrepps 2005, fyrri umræða. Samþykkt að vísa ársreikningnum til seinni umræðu.

Mál til kynningar

- 1) Greinargerð um úrslit sveitarstjórnarkosninga í Reykhólahreppi 27. maí 2006 frá formanni kjörstjórnar.
- 2) Starfsmatsniðurstaða f. Reykhólahrepp. Erindi frá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 3) Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, 69. fundur (fundargerð)
- 4) Neysluvatn á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi, erindi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða (vatn stóðst gæðakröfur).

Önnur mál

- 1) Skipting spildu úr jörðinni Hafrafelli 2. Óskað er umsagnar hreppsnefndar sbr. 13.gr. jarðalaga nr. 81/2004. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða skiptingu.
- 2) Flateyjarbókasafn, erindi frá Landsbókaverði. Erindinu vísað til næstu hreppsnefndar.
- 3) Greint frá væntanlegri heimsókn formanns svæðisráðs fatlaðra á Vestfjörðum, trúnaðarmanns fatlaðra á Vestfjörðum, framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum og fulltrúa félagsmálaráðuneytis eða heilbrigðisráðuneytis til Reykhóla 29. júní. Ræða á um möguleika á að byggja upp aðstöðu fyrir fatlaða á Reykhólum.

Í lok fundar voru tvö mál kynnt á lokuðum fundi.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 23:25

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)